

- Kveðið er á um merkingar- og skráningarskyldu í lögum um velferð dýra (55/2013). Þar kemur fram að Matvælastofnun skuli veita heilbrigðisstarfsmönnum dýra leyfi til örmerkinga að undangengnu námskeiði sem stofnunin samþykkir. Heilbrigðisstarfsmenn dýra starfa á grundvelli laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (66/1998).
- Reglugerð um merkingar búfjár (916/2012), með breytingum (748/2016) er m.a. sett með stoð í lögum um búfjárhald (38/2013), matvæli (93/1995), dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim (25/1993) og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (66/1998).
- Þá er kveðið á um merkingar hrossa í lögum um útflutning hrossa (27/2011), reglugerð um útflutning hrossa (449/2002) og Evrópugerð um hestapassa (EU nr. 2015/262) þar sem einnig er gerð krafa um umráðamann fyrir hvert hross.
- Í reglugerð um búfjármörk (200/1998) er kveðið á um framkvæmd örmerkinga á hrossum (höfð skal hliðsjón af 916/2012).
- Kveðið er á um skráningu dýralækna og umráðamanna á sjúkdómsgreiningum, lækniáðgerðum og meðhöndlun dýra með lyfseðilsskyldum lyfjum í reglugerð um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun (303/2012) og reglugerð um merkingar búfjár (916/2012)
- WorldFengur er upprunaættbók íslenska hestsins samkvæmt lögum um ræktun og uppruna íslenska hestsins (422/2011) og jafnframt opinber hjarðbók skv. reglugerð um merkingar búfjár (916/2012)
- BÚSTOFN er gagnagrunnur Matvælastofnunar sem heldur utan um fjölda alls ásetts búfjár í landinu út frá haustskýrslum búfjáreffirlits skv. lögum um búfjárhald (38/2013) og er undirstaða að öflun hagtalna um búfé.
- MARK er opinber gagnagrunnur sem heldur utan um allar einstaklingsmerkingar búfjár skv. reglugerð um merkingar búfjár (916/2012).
- HEILSA er rafrænt skráningarkerfi og gagnagrunnur sem geymir upplýsingar um sjúkdómsgreiningar og lyfjameðhöndlun skv reglugerð um rafræna skráningu dýralækna á dýrasjúkdómum og lyfjameðhöndlun (303/2012).